

Föstudaginn 17. janúar 1992.

Nr. 178/1989. **Kristinn Guðbrandsson**

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

gegn

Skaftárhreppi

(Valgeir Kristinsson hrl.).

Fjallskil. Útivist í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 18. maí 1989 að fengnu áfýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands hinn 21. apríl s.á. Hann krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda auk lögmæltis virðisaukaskatts.

Stefndi krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en til vara, að áfrýjanda verði gert að greiða stefnda kr. 13.274,50 með vöxtum. Hann krefst og málskostnaðar.

Með auglýsingu nr. 132/1990 var stefndi Kirkjubæjarhreppur og fjórir aðrir hreppar í Vestur-Skaftafellssýslu sameinaðir í eitt sveitarfélag, Skaftárhrepp. Hið nýja sveitarfélag, Skaftárhreppur, hefur því tekið stöðu stefnda í máli þessu.

Áfrýjandi lét sækja þing í héraði, og fékk lögmaður hans alls 14 fresti til greinargerðar, en greinargerð var ekki skilað. Ekki verður fallist á, að hann megi koma vörnum að fyrir Hæstarétti, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973, og koma málsástæður hans því ekki til álita. Verður því að dæma málið eins og það lá fyrir héraðsdómara.

Ekki verður talið, að máltilbúnaður stefnanda í héraði hafi verið andstæður 88. gr. og 105. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði og að héraðsdómara hafi borið að vísa málinu sjálfkrafa frá dómi. Eins og hér stendur á, leiðir það ekki heldur til frávísunar málsins, að meðeigendum áfrýjanda að jörðinni Tungu

hafi ekki verið stefnt til greiðslu í máli þessu. Héraðsdómari dæmdi málið eftir framkomnum kröfum, skjölum og skilríkjum, sbr. loka-málslið 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936. Með vísan til 42. og 43. gr. laga nr. 42/1969 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., sbr. lög nr. 43/1976, og til laga nr. 6/1986 ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Dæma ber áfrýjanda til þess að greiða stefnda 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kristinn Guðbrandsson, greiði stefnda, Skaftár-hreppi, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. október 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. október 1988, er höfðað fyrir bæjarþing-inu með stefnu, birtri 27. janúar 1988, af Kirkjubæjarhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu, nnr. 5588-6881, gegn Kristni Guðbrandssyni, nnr. 5811-7218, Norðurbrún 24, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 26.549 kr., með [ánánar tilgreindum vöxtum].

Á reglulegu bæjarþingi 28. júní 1988 lagði stefnandi fram skjal, þar sem hann gerði um það nýja kröfu fyrir dóminum, að stefnanda yrði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda skv. gjaldskrá LMFÍ.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera vegna vangoldinna fjall-skilagjalda. Stefndi sé eigandi jarðarinnar Eystri-Tungu í Kirkjubæjar-hreppi. Hann hafi ekki sinnt skuldbindingum sínum skv. lögum nr. 42/1969 um smölun búfjár á afréttum og heimalöndum, og hafi því stefndi verið krafinn um þátttöku í smölunarkostnaði lögum samkvæmt. Skuld þessi sé vegna fjallskilagjalda, sem stefnanda beri að greiða af jörðinni Eystri-Tungu í Kirkjubæjarhreppi fyrir árið 1979 til 1986. Fjallskilagjöldin séu eftirtalin: Fyrir árið 1979 900 kr., fyrir árið 1980 1.250. kr., fyrir árið 1981 1.800 kr., fyrir árið 1982 2.500 kr., fyrir árið 1983 4.000 kr., fyrir árið 1984 4.800 kr., fyrir árið 1985 3.264 kr. og fyrir árið 1986 8.035 kr.

Stefnandi kveður skuld þessa ekki hafa fengist greidda þrátt fyrir inn-heimtutilraunir.

Lagarök stefnanda eru eftirfarandi: Stefnandi kveðst reisa dómkröfur sínar á lögum nr. 42/1969 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., sérstaklega 39. gr. þeirra laga, svo og fjallskilasamþykkt nr. 34/1951 fyrir Vestur-Skaftafellssýslu. Fjallskilastjórn hafi jafnað niður kostnaði við smölun

búfjár, og hafi stefnandi tilkynnt stefnda um álagningu gjaldanna skv. lögum, en innheimtutilraunir ekki borið árangur.

Stefndi hefur látið sækja þing, en síðan féll þingsókn niður af hans hálfu, án þess að lögvarnir kæmu fram. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Á dómskjali nr. 5, þar sem stefnandi krafðist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ úr hendi stefnda, er með undirritun lögmanns stefnda samþykkt, að krafan komist að í málinu, og þykir þá rétt að taka hana til greina með skírskotun til 113. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Málskostnaður ákveðst 11.070 kr., þar með talinn söluskattur.

Dóminn kvað upp Unnur Gunnarsdóttir, ftr. yfirborgardómara.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Kristinn Guðbrandsson, greiði stefnanda, Kirkjubæjarhreppi 26.549 kr. með 31% ársvöxtum af 900 kr. frá 1. janúar 1980 til 1. júní 1980, með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1981, af 2.150 kr. frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1982, af 3.950 kr. frá þeim degi til 1. nóvember 1982, með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1983, af 6.450 kr. frá þeim degi til 21. september 1983, með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 20. október 1983, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 20. nóvember 1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 20. desember 1983, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 20. janúar 1984, með 19% ársvöxtum af 10.450 kr. frá þeim degi til 15. janúar 1985, með sömu vöxtum af 15.250 kr. frá þeim degi til 1. febrúar 1985, með 3,75% vöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1985, með 4% vöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní 1985, með 3,5% vöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september 1985, með 3,75% vöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. janúar 1986, en af 18.514 kr. frá þeim degi til 1. mars 1986, með 2,75% vöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 2,25% vöxtum á mánuði frá þeim degi til 15. janúar 1987, en af 26.549 kr. frá þeim degi til 1. mars 1987, með 2,5% vöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní 1987, með 2,8% vöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júlí 1987, með 3% vöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. ágúst 1987, með 3,4% vöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september 1987, með 3,5% vöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. október 1987, með 3,6% vöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. nóvember 1987, með 3,8%

vöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. desember 1987, með 4,1% mánaðarvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og 11.070 kr. í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Viðurkenndur er réttur stefnanda til, að dráttarvextir bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. janúar 1981 af 900 kr. og síðan koll af kolli í samræmi við 12. gr. laga nr. 25/1987.
